

**59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1861.
nordur- og austurumdæminu, um kirkjugarð við 12. septbr.
Möðruvalla-klausturs kirkju.**

Eptir að dómsmálastjórnin hefir borið upp fyrir konungi þegn-
lega skýrslu um bænarskrá þá, er hingað kom með álitsskjali
yðar herra amtmaður, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hefir hans há-
tign 7. þ. m. allramildilegast fallið á, að verja megi 200 ríkisdöl-
um af fê Möðruvalla-klausturs kirkju til styrks handa sóknarmön-
num til að byggja kirkjugarð við kirkju þessa úr trê og grjóti,
þó svo, að öllu verkinu sê lokið innan 1. októbermánaðar 1863,
og að þegar þar að kemur verði gjörð skilagrein fyrir því,
hvernig fênu hafi verið varið.

Um leið og yður er birt þetta, yður til leiðbeiningar, og
til þess að þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, skorar
dómsmálastjórnin á yður, að gjöra þær ráðstafanir, er þarf, sam-
kvæmt konungsúrskurði þessum, og að senda stjórnarráðinu síðan
skýrslu um málið.

**60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 12. septbr.
vesturumdæminu, um laun handa settum héraðs-
lækni.**

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra amtmaður,
26. júlím. þ. á., er búin að fá svar frá Lind héraðslækni,
viðvíkjandi því, að hann er settur til að gegna héraðslæknisem-
bætti í nyrðra umdæmi vesturamtsins, skal yður það nú til vit-
undar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér aug-
lýsið það þeim, er hlut á að máli, að frá 1. degi októbermán-
aðar næstkomanda getur hann aðeins fengið laun samkvæmt
lögum 19. febrúarm. þ. á. 8. gr. smbr. 4. gr., og 3. gr. 2.
tölul.; en eptir þessum lagagreinum á hann, auk launa sinna
sem héraðslæknis í syðra læknisumdæmi vesturamtsins, að upp-
hæð 625 rdl., og launaviðbótar þeirrar, sem honum ber af þeim
launum, sem er 12 rdl. 64 sk. á mánuði, það sem eptir er fjár-

1861. hagsársins, aðeins að fá að tiltölu af þóknun, er sè reiknuð til
12. septbr. 250 rdl. á ári, eður 20 rdl. 80 sk. á mánuði, sem settur héraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

Því skal við bætt, að embættismaður þessi skal fá nákvæmari úrskurð um það, er hann hefir sótt um að fá þá 25 rdl., sem lagðir eru héraðslæknisembættinu í nyrðra umdæminu í staðinn fyrir ábúðarjörð læknis.

12. septbr. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.**

Með hinu síðasta pótskípi fekk dómsmálastjórnin bænarskrá alþingis 30. júlím. þ. á.; í henni hefir þingið í einu hljóði farið þess á leit, að veitt yrði á yfirstandandi sumri peningalán, að minnsta kosti 7000 rdl., úr hinum svonefnda íslenska kollektusjóði, til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðar sýslu og Kjósar- og Gullbringu sýslum, á þann hátt, að lán þetta verði endurgoldið með 1000 ríkisdöllum á ári, og að af því verði goldnir 4 af hundraði í vöxtu, þangað til búið er að borga það aptur að fullu.

Eptir því sem lýst er í bænarskránni, hvernig ástatt sè í sýslum þessum og eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, hafið tilgreint í álitsskjali því er þér, sem konungsfulltrúi á alþingi, rituðuð 10. dag f. m., hefir dómsmálastjórninni, í von um samþykki konungs, þótt hlýða, að veita yður með bréfi þessu vald til að láta borga til yðar til bráðabyrgða úr jarðabókarsjóði Íslands fè, er eigi nemi meiru en 7000 rdl., til þess að verja því í því augnamiði, sem að ofan er á vikið, og að öðru leyti með þeim kjörum, er alþingi hefir stungið upp á, en það er á þann hátt, að $\frac{1}{4}$ af láni þessu verði endurgoldinn á ári hverju, og að það að eins verði veitt hreppunum í sýslum þessum, en ekki einstökum mönnum, að svo miklu leyti, sem þeir eigi mynda sveitarfélög.